

Í gítarleik...

Framhald af bls. 7

heiminum í dag og þeir verða ekki allir heimsfrægir. Mig dreymir ekki um neina heimsfrægð. Það sem mig dreymir um er að verða atvinnumaður, fá að vinna að list minni, eiga allan minn tíma til að geta æft mig og undirbúið undir verkefni, tónleika. Draumurinn er sum sé að hafa ætíð áhugaverð verkefni framundan og tíma til að undirbúa mig fyrir þau. Fram á meira fer ég ekki, og að þessu stefni ég. Ég veit að þetta er hægt. Ég veit að það er margt ungt íslenskt listafólk sem vill þetta sama. En því miður er það alltof algengt að það sé talað ofan af fyrir því að reyna þetta. Það er sagt sem svo, hvað heldurðu að þú sért, séni eda hvað? Þetta er rangt, fólk á að fá að reyna sig. Maður á hins vegar ekki að halda að maður geti

gleymt allt í einu. Maður á að þakka fyrir hvert stig, sem maður stígur á þessari braut. En þetta kostar vinnu og aftur vinnu. Ég æfi mig aldrei minna en 6 tíma á dag, 7 daga vikunnar. Maður má aldrei slaka á, hvorki með æfingum né kröfuburðum til sjálfs síns. Um leið og maður gerir það, þá hallar undan fæti. Maður þarf því bæði að hafa viljastyrk og vera eigingjarn til þess að þetta megi takast.

Gítarinn

Þeir eru margir sem kunna þetta frá örfáum gripum og svo uppúr á gítar og hann er án vafa eitt vinsælasta hljóðfæri sem til er, hvað heldur þú að valdi þessu?

– Það er fleira en eitt sem kemur þar til. Í fyrsta lagi er auðvelt að læra fáein grip á gítar, sem duga til þess að leika undir léttan söng, svo sem í „partýum“. Þar að auki er gítar létt og því auðferanlegt hljóðfæri. Hann hentar al-

veg sérlega vel til undirleiks, sem fjólraddahljóðfæri og hann hefur mjúkan og breiðan tón. Allt þetta stuðlar að vinsældum hans hjá almenningi. Sem einleikhljóðfæri býður gítar upp á mikla fjölbreytni í túlkun, t.d. blæbrigði í tónmyndun.

Gítar sem klassískt hljóðfæri, hann kemur frá Spáni, ekki satt?

– Jú, það má segja að menn hafi farið að tala um gítar upp úr endurreisnartímabilinu. Undanfari hans var vihuela, sem er strengjahljóðfæri upprunnið í Austurlöndum. Segja má að Spánverjinn Gaspar Sanz, sem uppi var á 17. öld hafi verið fyrsti maðurinn til að vekja áhuga á gítar sem klassísku hljóðfæri. Árið 1674 gaf hann út bók um gítarinn og birti þar nokkur gítarverk eftir sig. Fljótlega eftir það varð gítarinn bæði alþýðuhljóðfæri og yfirstéttarhljóðfæri á Spáni. Næst má svo nefna hið fræga tónskáld Sor, sem uppi var á 18. öld. Hann

fór vítt og breitt um Evrópu og kynnti gítarinn og gítartónlistina. En sá sem lyfti gítarum í hæðir, sem klassísku hljóðfæri, var Tarréga, sem bæði var tónskáld og gítarleikari, en hann var uppi á 19. öld og svo loks snillingurinn sjálfur Andrés Segovia, sem situr í hárrí elli sem konungur gítarleikara. Hann sýndi heiminum hve göfugt hljóðfæri gítarinn er og naut þess að sjálfsgöðu að vera uppi á hljómplötuöld. Það auðveldaði útbreiðsluna.

Hluti af sjálfum mér

Ef þú berð gítarinn saman við önnur einleikshljóðfæri, hvað er það við gítarinn sem heillar þig svo að þú ákveður að gera gítarleik að ævistarfi?

– Ég get eiginlega ekki svarað þessu. Sjáðu til, ég byrjaði að læra á gítar 9 ára gamall og hef verið með hljóðfærið í höndun-

um síðan. Hann er orðinn svo stór hluti af sjálfum mér að ég get ekki svarað þessu, það er ómögulegt. Gítarinn er allt.

Að lokum Pétur, biða þín önnur verkefni en lærdómurinn á Spáni?

– Já, ég hef mikið að gera á næstunni. Fyrir utan tónleika Hamrahliðarkórsins í dag, þá mun ég halda næsta fimmtudag til Edinborgar, þar sem haldin verður Íslandsvika og við Hafliði Hallgrímsson og skoskur flautuleikari munum koma þar fram og flytja íslenska tónlist. Þar á meðal munum við frumflytja verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Síðan munum við Hafliði leika á Íslendingahátíð 1. desember í London. Eftir það fer ég svo til Spánar, en þar er fyrirhugað að ég haldi tónleika og síðar á vetrinum verð ég með tónleika í Sviss og Hollandi. Þannig að ég hef af nógu að taka eins og er.

– S.dór

MYNDLIST

Gegn efninu


Sýning Steinunnar Marteinsdóttur í Kjarvalsall

Steinunn Marteinsdóttir heldur einkasýningu í Kjarvalsall að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hún 93 verk, unnin í steinleir og postulín. Sumar veggmyndir sínar límir hún á tréplötur húðaðar með sandi. Þetta er 3. einkasýning Steinunnar að Kjarvalsstöðum, en einnig hefur hún haldið einkasýningar í Borgarnesi, Vestmannaeyjum og Ísafirði, auk þess sem hún hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum heima og erlendis.

Steinunn er afkastamikill leirlistarmaður og hún hefur skapað sér ákveðinn og persónulegan stíl. Þrátt fyrir það skortir hana einhver sannverðug tengsl við efnið. Í stað þess að taka á sig kraftmikla og jarðbundna mynd, sem hæfi hinu jarðneskasta allra efna, missir leirinn hennar Steinunnar eiginir sínar og koðnar í innantómum fínessum. Verkin fá í stað lífræns blæs einhvern gerviblæ líkast því þau væru úr plasti. Lýsingin gerir ekkert annað en auka á tilbúið andrúmsloft salarins.

Það er auðsætt hvað veldur þessu tilgerða svipmóti hlutanna. Þegar efni er þröngvað í ákveðinn farveg eða mót sem ekki hentar því, vinnur það gegn eigin eðli og verður óeðlilegt. Það er ekkert við því að segja, svo fremi hugmyndin að baki verkinu sé nægilega sterk til að geta haldið efninu saman. Til eru ótal dæmi úr listasögunni þar sem sterkri hugmynd hefur verið búinn veikur efnisbúnaður, án þess verkið í heild bíði af því tjón. Slík dæmi má finna víða í sýningunum, súrrealismanum og dáðismanum, nú síðast í conceptlistinni og nýbylgjunni.

Það er m.ö.o. engin höfuðforseta góðs listaverks, að það sé fíklætt sterkum formræmum búningi. En þegar hugmyndin er jafn veik og umbúðirnar, þá er hætt við því að allt glutrist niður og endi í smáborgaralegu pjatti. Það er einmitt það sem gerist með verk Steinunnar og lýsingin flyttr þar fyrir. Reyndar þarf ekki annað en lágværa óma frá tónverkum



Eriks Saties, leiknum á rafmagnsorgel, til að fullkomna „art deco“-stemninguna í Kjarvalsall.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

En nú nálgumst við aldamótin óðfluga, sem sést best á því að spjástrungum fjölga á götum Reykjavíkur. Líkt og forverar þeirra fyrir hundrað árum, í London, París og Brussel, leita þeir að listastefnu við sitt hæfi. Þeir framsæknu eflaust rykið af „Öflugstreymi“ Huysmans, geispandi af lífsleiða og sofna út frá henni í hægindastólnum. Þeir sem ekki hafa eins og Des Esseintes, jafn mikla þörf

fyrir kynferðislega dulhyggju, fara og sjá sýningar á borð við Steinunnar Marteinsdóttur. Þar upplifa þeir hina fullkomnu jarðarfararstemmningu.

Vandinn er að „fin du siècle“-listinni tekst aldrei að lifa af aldamótin. Hún er ekki vendipunktur nýrra strauma, heldur endastöð gamalla. Þess vegna er hún svona brothætt og forgengileg, hversu sterkur sem efniviður hennar er.

HBR

Lifandi hefð

Guttormur Jónsson á gangi Kjarvalsstaða

Á austurgangi Kjarvalsstaða hefur Guttormur Jónsson opnað höggmyndasýningu og eru höggmyndirnar um 30 talsins. Guttormur er húsgagnsmiður að mennt og hefur unnið að iðn sinni rúm 20 ár, í heimabæ sínum Akranesi. Frá 1978-81 stundaði hann svo höggmyndanám við Myndlistaskólann í Reykjavík. Jafnframt náminu vann hann að leikmyndagerð fyrir kvikmyndina Paradísarheimt, þar sem hann smíðaði m.a. hinn forlata kistil Steinars bónda með leynihólfunum. Jafnframt vann hann við viðgerðir á höggmyndum Ásmundar Sveinssonar.


Það er greinilegt að Guttormur býr yfir mikilli reynslu á sviði trésmíði og nýst það honum vel við höggmyndagerðina. Öll verk hans á sýningunni, utan fjögur, eru úr víði. Þar ber mest á íslensku birki og furu.

En jafnvel þótt menn séu haglekismenn og hafi nán kynni af þeim efniviði sem þeir glíma við, er ekki þar með sagt að þeir verði

listamenn. Til þarf ímyndunarafli og sköpunargleði, nokkuð sem oft svíkur hina mestu vöndu. Það er því sannarlega upplífandi að sjá sýningu Guttorms, því þar er hvert verk sprottið af hugmyndaflugi höfundarins, jafnframt því að vera fögur smíð.

Að visu eru höggmyndir Guttorms misjafnar eins og þær eru margar. Það er til dæmis svo með íslenska birkið, að vegna granngerðs stofns síns, er erfitt að fá úr því massiva höggmynd með voldugu og margbreytilegu umfangi. Guttormur gerir sínar heiðarlegu tilraunir með birkið, en þær heppnast ekki alltaf eins vel.

Aftur á móti er hann í essinu sínu í tröllaukunum víði af erlendum uppruna. Þar nær hann fram plastiskum krafti og oft verður útsjónarsemi hans og natni til þess að gæða efnið óvenjulegu lífi. Sem dæmi er „Kubbaleikur“, gerður úr samsettri furu og hlykkjast eins og



ormur á stali sínum. Verkið er sifreytilegt eftir afstöðu áhorandans og býr yfir sannverðugri kynngi. Mörg önnur dæmi mætti nefna um hæfileika Guttorms. En jafnvel þótt Ísland sé ekki hið kjörna land víðarins, þá er annað efni að finna hér í ríku mæli og það er grjótið. Guttorm-

ur fæst einnig við steininn og finnur þar tjáningarþörf sinni nýtt form í samvinnu við efnið. Hann leitar einnig fyrir sér í efni sem heimabyggð hans er þekkt fyrir, þ.e. steinsteyppunni.

Guttormur Jónsson sannar það sem margar hefur grunað, að aldagömul hefð íslenskrar listar,

þar sem saman fer hagleg smíði og frjótt ímyndunarafli, er enn við lýði og lifir góðu lífi um allt land. Hitt sem Guttormur sannar er, að listamenn þurfa ekki að vera búsettir á höfuðborgarsvæðinu til að þeir séu gjaldgengir listamenn.

HBR